

Fundargerð foreldrafélags Kársnesskóla, 16. nóvember 2021

Mætt: Helga Guðný Sigurðardóttir, Ragna Finnbogadóttir, Kristjana Kristjánsdóttir, Rikke Pedersen, Stefanía Jóna Nielsen og Sigríður Þrúður Stefánsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Verkaskipting
3. Bekkjarfulltrúar – fræðsla/upplýsingar
4. Foreldrarölt
5. Samstarf við skólann og Ekkó
6. Samkóp
7. Önnur mál

Niðurstaða

1. Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
2. Varðandi verkaskiptingu þá var hún ákveðin á síðasta fundi stjórnar. Skólaráðsfulltrúi foreldra er Eva Sjöfn Helgadóttir og fulltrúi stjórnar er Aðalsteinn. Kristjana vaktar tölvupóst foreldrafélagsins og Stefanía vaktar ákveðna möppu og greiðir út styrkina.
3. Fræðsla fyrir bekkjarfulltrúa – Heimili og skóli sjá um fræðslu fyrir bekkjarfulltrúa og stjórnir foreldrafélaga. Ákveðið var að fá ekki sérstaka fræðslu frá Heimili og skóla þetta skólaárið vegna Covid. Við munum senda út glærupakka til bekkjarfulltrúa, fræðslan tekur á helstu atriðum eins og starfi bekkjarfulltrúa, mikilvægi virks foreldrastarfs, hvernig foreldrastarf er uppbyggt í skólanum og hver aðkoma foreldra skuli vera að skólastarfinu. Hvernig er best að halda utan um hópinn, hvað er það sem skiptir mestu máli í foreldrastarfinu, hugmyndir að viðburðum og góð ráð um að virkja aðra foreldra til liðs við foreldrastarfið. Á næsta ári verður ástandið vonandi betra og hægt að hittast í raunheimum með bekkjarfulltrúum.
4. Foreldraröltið er farið að stað en betur má ef duga skal. Við hvetjum foreldra um að skrá sig í rölt. Og undirstrikum mikilvægi þess og forvarnir.
5. Maríanna óskar eftir fundi með stjórn foreldrafélagsins. Við hrósum Maríönnu fyrir að senda inn dagskrá Ekko á tölvutæku formi. Þjóðum Björgu á næsta fund foreldrafélagsins, Kristjana sendir póst á Björgu.
6. Samkóp – Rikke kemur skýrslu til stjórnar.
7. Haldin voru tvö hrekkjavökuböll, 4. bekkur og 7. bekkur. Almenn ánægja var með böllin. Jólaföndir verður því miður fellt niður vegna covid. Búið er að panta skákborðin og eru þau væntanlega fjótlega.

Fundi slitið.